



210. fundur Skólanefndar FS

15. október 1996

Mættir: Guðbjörg Ingimundardóttir, Jón Ingi Baldvinsson, Kristbjörn Albertsson, Stefanía Ólafsdóttir, Guðjón Kristjánsson, varamennirnir Ingvar Guðmundsson og Karl Hermannsson, áheyrnarfulltrúinn Einar Trausti Óskarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa í nýrri skólanefnd. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Kosning formanns og varaformanns.
2. Önnur mál.

1. Kosning formanns og varaformanns.

Formaður nefndarinnar kosinn. Kristbjörn Albertsson fékk þrjú atkvæði, Guðbjörg Ingimundardóttir og Jón Ingi Baldvinsson eitt atkvæði hvort. Í kosningu til varaformanns fékk Jón Ingi þrjú atkvæði og Guðbjörg tvö atkvæði. Kristbjörn Albertsson er því réttkjörinn formaður skólanefndar og Jón Ingi Baldvinsson réttkjörinn varaformaður.

2. Önnur mál.

a) Skólameistari sagði frá nýjum lögum um framhaldsskóla og ýmsu varðandi starfsemi skólans til kynningar fyrir nefndarmenn.

b) Rætt um fyrirhugaðan fund skólanefndar með kennurum skólans. Skólameistari undirbýr fundinn.

c) Ákveðið að fundir skólanefndar verði að jafnaði 2. þriðjudag hvers mánaðar kl. 17:00. Fundir verða boðaðir með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

A handwritten signature in cursive script, reading "Guðmann Kristþórsson", written over a horizontal line.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari